

# C Q T F



Aðalfundur Í.R.A. var haldin í félagsheimilinu í Skeljanesi laugardaginn 28. maí 2005. Á fundinn mætti 21 félagi.

Myndina tók Brynjólfur TF5BW

## Í þessu blaði

3. tbl.  
23. árg.  
júlí 2005



Frá formanni .....	2
Fundargerð aðalfundar Í.R.A. 28. maí 2005 .....	3
Ársreikningar Í.R.A. 2004/2005.....	8
SYLRA - YL á Íslandi.....	9
Keppnismál.....	12
Innanlandsfjarskipti með hækkandi sól.....	13
Neyðarhjálp amatöra.....	15



Viðtakandi:

Í.R.A. er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörráði sem leið til sjálfþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísinda legra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Órva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörráðiþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að óflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörráði meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2005-2006 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP  
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW  
Ritari: Bjarni Sverrisson TF3GB  
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO  
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SSN  
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG  
Varam.: Hrafnkell Eiríksson TF3HR

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhólf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörráði

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

# Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Ágætu félagar.

Nú að afloknum aðalfundi vil ég þakka fyrir þann stuðning sem ég fékk við endurkjör til fomanns Í.R.A.

Eitt er það sem kannski hefur einkennt stjórn Í.R.A. á undanförunum árum er hversu lítil endurnýjun hefur verið en Benedikt Guðnason TF3BNT óskaði eftir því að láta af störfum í stjórninni og kom Sveinn Bragi TF3SSN í hans stað en Sveinn Bragi hefur verið vara-

maður í stjórn undanfarin ár. Ég vil þakka Benna fyrir samstarfið og óska honum velfarnaðar.

Nýkjörinn stjórn hefur haldið sinn fyrsta stjórnarfund og skipt með sér verkum þannig að Þór Þórisson, TF3GW er varaformaður, Ársæll Óskarsson TF3AO er gjaldkeri, Bjarni Sverrisson TF3GB er ritari og ennfremur QSL umsjónarmaður, Sveinn Bragi Sveinsson TF3SNN er meðstjórnandi og umsjónarmaður, fyrir okkar hönd, með húsnæðinu að Skeljanesi. Enn fremur voru varamenn kosnir þeir Valtýr Einarsson TF1VG og Hrafnkell Eiríksson, TF3HR

Eins og félagsmönnum er kunnugt höfum við nú fengið leyfi borgaryfirvalda og eiganda hússins að Skeljanesi til þess að setja upp VHF/UHF loftnet og verður það sett upp á norðurendanum á flata þakinu. Og vonast Sveinn Bragi til þess að þetta verði komið í gagnið með næsta hausti.

Nú er nýlega lokið SYLRA ráðstefnu hér á landi. Undirbúningur og umsjón var í höndum Völu Drafnar TF3VD og Önnu TF3VB. Ég átti þess kost eina morgunstud að ávarpa ráðstefnugestina og fann þar hvernig þetta sameiginlega áhugamál okkar hefur þjappað þessum YL saman þannig að þær sáu ástæðu til þess að koma hingað frá Japan, U.S.A.

Þýskalandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Ég held ég fari með rétt mál þegar ég segi að þetta sé fyrsta alþjóðlega ráðstefna amatöra hér á landi og á efalítið eftir að verða okkur góð kynning. Til hamingju Anna og Vala!

Nú á næsta ári verður Í.R.A. 60 ára og tímabært að setja á legg nefnd til þess að sjá um afmælið. Til dæmis finnst mér að við ætjum að reyna að koma út veglegu afmælisriti en það verður ekki gert með með fámennri stjórn Í.R.A. En slíkt verður líka nokkuð kostnaðarsamt.

Ég skora hér með á einhverja til þess að bjóða sig fram til verk-sins.

Sumarnámskeið háskólastúdenta til amatöraprófs stendur nú yfir og vonandi koma fleirri úr þeirra röðum til þess að taka prófið.

73 de TF3HP

CQ TF júlí 2005

# Fundargerð aðalfundar ÍRA 28.05.05

Fundargerðina ritaði Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



TF3VS

félaga sem engin reyndust.

Næst á dagskrá var lestur fundargerðar síðasta aðalfundar, en reyndist fundarritari hafa tekið ranga fundargerð í misgripum. Bar þá fundarstjóri upp dagskrártillögu þess efnis að þeim lið yrði sleppt, enda hefði fundargerð verið birt í næsta CQTF eftir aðalfundinn og hefðu engar athugasemdir borist. Samþykkt fundurinn það samhljóða.

Þá var komið að skýrslu stjórnar. Til máls tók formaður, TF3HP.

Á síðasta aðalfundi voru kosnir í stjórn til tveggja ára TF3GB og TF3GW, en fyrir sátu TF3AO og TF3TNT, varamenn voru kosnir TF3VG og TF3SNN. Skipti stjórn þannig með sér verkum: TF3GW varaformaður, TF3AO gjaldkeri, TF3TNT ritari og TF3GB meðstjórnandi. Þá sá TF3GB um QSL þjónustu og TF3SNN var stöðvar-stjóri félagsstöðvar. Á miðju ári óskaði TF3TNT eftir lausn frá ritarastörfum og tók TF3GB við því embætti.

Nokkurn tíma stjórnar tóku samskipti við yfirvöld fjarskiptamála vegna starfsemi LX-9EG hér á landi, en af ein-vejum ástæðum töldu forsvarsmenn þeirrar stöðvar, sem er klúbbstöð, sig geta starfrækt hana hér á landi, án umsóknar, undir CEPT reglum. Var kvartað til Pof vegna meintrar ólöglegar starfsemi stöðvarinnar, auk þess sem erindið var borið beint undir ERO, sem staðfesti með bréfi að rétt væri að klúbbstöð gæti

CQ TF júlí 2005

aldrei starfað undir CEPT leyfi, þau væru einungis ætluð einstaklingum fyrir þeirra persónulegu kallmerki. Ritaði Póst- og fjarskiptastofnun síðan bréf til Lúxembúrgísku leyfisútgáfustofunnar og bað þá að beita sér í málinu. Mun svar Lúxembúrgara hafa verið hið undarlegasta og sýna lítinn skilning á málefnum, en næsta skref mun vera að taka málið beint upp við ERO og beina því til þeirra að þeir útskýri reglurnar fyrir Lúxembúrgurum.

Einnig voru nokkrar umræður innan stjórnar um notkun útlendinga á TF-forskeytinu með CEPT skírteinum, en nokkuð hefur borið á því að Þjóðverjar bæti tölustaf við, og er þeim jafnvel bent á að gera það á vefsíðu DARC. Taldi stjórnin að skv. íslenskum lögum og reglum ætti einungis að nota TF og var málið borið undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar. Barst síðan bréf frá stofnuninni þar sem staðfest var að ekki ætti að nota tölustaf, en aðeins TF/ ef um CEPT skírteini væri að ræða.

Félagið átti aðild að tveimur námskeiðum fyrir radióamatöra. Annað var haldið af Radióklúbbi Háskóla Íslands og keyptu þeir IC-706 stöð fyrir afraksturinn. Hitt sá TF3JA um, en því miður veiktist hann alvarlega við upphaf námskeiðsins og hlupu því aðrir félagar undir bagga eftir þörfum. Þó nokkuð margir luku prófi eftir námskeiðin og til nokkurra þeirra hefur heyrst í loftinu síðan, og mikið til sumra, sem er gleðilegt.

Metnaðarfull dagskrá var sett upp fyrir veiturinn og stóð til að hafa vandaðan fyrirlestur flesta mánuði. Órlítill afföll urðu hjá fyrirlesurum, en TF3HM talaði um Picörgjörva, TF8BK ásamt TF3TNT flutti erindi um APRS og TF3KB kynnti og sýndi hvernig stafrænar útsendingar útvarps og sjónvarps fara fram.

Almennur félagsfundur var uppúr áramótum og mun hann hafa verið fjölmennasti félagsfundurinn í a.m.k. 10 ár. Á þeim fundi var Eggert Steinsen, TF3AS, gerður að heiðursfélaga ÍRA og sæmdur gullmerki félagsins, og Stefán Arnald, TF3SA var sæmdur silfurmerki félagsins, en hann sá um morspróf í mörg ár. Þá fékk Sveinn Guðmundsson, TF3T, afhent gullmerki félagsins, sem hafði dregist að veita honum frá því hann var gerður heiðursfélagi fyrir 7 árum.

Fánar með merki félagsins voru framleiddir og eru seldir félagsmönnum, auk þess sem þeir eru notaðir til gjafa þegar erlendir gestir heimsækja okkur einhverra erinda.

Eitt björkvöld var haldið, en aðsókn var svo lítil að óvíst er hvort framhald verður þar á.

Nýtt loftnet var sett upp, 6 banda Hustler stöng, á járnþak hússins fyrir neðan félagsheimilið og enn og aftur var gert við Force12 loftnetið, sem brotnaði í óveðri. Er það orðið lúíð og slitið og sýnt að það endist ekki mikið lengur úr þessu. Er farið að huga að nýju Yagi neti eða sambærilegu sem aðalloftneti félagsins.

TF3JA hefur farið fram á að vera tilnefndur fulltrúi ÍRA í Finnlandi á ráðstefnu um aðkomu og verkefni amatöra við neyðarfjarskipti. Íslenskir radióamatörar höfðu föst verkefni með Almennavörnum áður, en eftir skipulags-breytingar á þeim vettvangi og eftir yfirtöku Ríkislögreglustjóra á þeirri starfsemi hefur þátttöku þeirra ekki verið óskað. Býðst TF3JA til að fara á ráðstefnuna á eigin kostnað og var fallist á erindið.

Í haust verður IARU ráðstefna og á undan henni formannafundur NRAU eins og jafnan. TF3KB er fulltrúi ÍRA á þeim vettvangi og hefur hann verið beðinn að fara sem fyrr. IARU hefur dregið úr styrkjum til lítilla félaga til ráðstefnunnar og eru þeir nú aðeins miðaðir við fæðis- og hótélkostnað, en fé-

lagið verður að standa straum af fargjaldi að fullu. Á NRAU fundinn er skiptingin sem fyrr að hin norrænu félögin greiða hluta af kostnaði TF og OY fulltrúa.

Lauk þar skýrslu formanns og óskaði fundarstjóri þá eftir greinargerðum annarra embættismanna.

TF3GB, sagði kortaþjónustu vera eins og venjulega og ekkert sérstakt frá henni að segja.

TF3GW greindi frá endurvörpum, allir í góðu lagi, Smali bilaði og var viðgerð ekki talin borga sig, en uppgerður endurvarpi fékkst í staðinn. Nýtt loftnet var keypt á Pétur, Comet, 8,5 dB. Er það búíð að vera tengt í tvær vikur og virðist verulega til bóta. Sýndi 'GW svo nýjar útbreiðslumyndir því til áréttingar. Búri er daufari en venju-lega, trúlega bilun í loftneti. Þá sagði Þór fundinum frá nýfengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til tveggja ára fyrir amatöra að gera tilraunir á 5 MHz bandinu. Í Noregi er bandplan fyrir þessa tíðni sem sótt var um að nýta hér og varð það ofaná, en einnig eru tilraunir m.a. í Bretlandi og Finnlandi á því plani. Hver og einn amatör þarf að sækja um leyfi til að nota bandið, með tölvupósti eða bréfi til stofnunarinnar. Taldi Þór að ef vel tækist til væru líkur á að bandið fengist síðar til varanlegra afnota fyrir amatöra.

TF3AO, keppnisstjóri, sagði að oft hefði verið meira á döfinni varðandi keppnismál, en ævinlega færi slík þátt-taka eftir áhuga félagsmanna, skilyrðum og ástandi tækja. Vonir stæðu þó til að TF3W heyrðist meira í loftinu innan tíðar.

TF5BW, rit- og vefstjóri sagði að CQTF gengi betur nú en oft áður. TF3KX og TF3AO hafa bæst í hóp fastra pistlahöfunda og ef a.m.k. tveir enn bættust í hópinn yrði staðan viðunandi og er auglýst eftir þeim. Útgáfa viðurkenningaskjala er eins og vana

lega, heldur minni þó. Heimasíðan er í þök-kalegu ástandi, meira mætti þó berast af fréttum. Vefurinn var endurbýggður á árinu og nú mun hraðvirkari en áður, en sumir hlutar hans líta ekki vel út í Firefox vafranum og er ekki ljóst hvað veldur.

Fleiri embættismenn greindu ekki frá sviðum sínum og var þá kallað eftir skýrslu gjaldkera.

Lagði TF3AO fram ársreikning, kom fram að skoðunarmaður, TF3DC, hafði áritað reikninga og mælti með við fundinn að þeir yrðu samþykktir. Greindi Ársæll frá einstökum þáttum og liðum fjárhagsins. Var síðan beðið um fyrirspurnir og athugasemdir við reikninga.

TF3HR spurði hvort tækjakostur væri ekki afskrifaður á milli ára og sagði gjaldkeri svo ekki vera, að fyrir-mælum skoðunarmanna. TF3KX spurði hvaða söluvarning félagið hefði keypt og fært til bókar, gjaldkeri sagði það vera kaffikrúsir og félagsfána, sem sel-dir væru félagsmönnum.

Fleiri fyrirspurnir bárust ekki og var ársreikningur þá borinn undir atkvæði og samþykktur einum rómi.

Því næst var orðið gefið laust fyrir umræður um skýrslu stjórnar og embættismanna.

TF3KX þakkaði skýrslugjöf og taldi félagið vera á góðu róli. Þakkaði hann TF5BW sérstaklega fyrir elju sína við blað og vef.

TF3HR spurði um viðurkenningarskjöl, hver væru í boði og fyrir hverja. Svaraði TF5BW og benti á ýtarlegar upplýsingar á vefnum þar að lútandi og greindi svo lauslega frá nokkrum. Sagði hann það einkenna íslenska amatöra að þeir væru ekki áfjádír í slík skjöl og væru þau því flest gefin út til erlendra amatöra.

TF3LMN spurði um samstarf við almannavarnir og yfirvöld við neyðarfjarskipti.

Svaraði formaður og rakti laus-lega sögu slíks samstarfs. Hófst það 1973 og var Guðjón Petersen fyrir hönd Almannavarna tengill hins opinbera í því starfi. Með tilkomu Tetrakerfisins og þegar 112 kom að öllum neyðarfjarskiptum var ljóst að radióamatörum var ekki ætlað hlutverk af hálfu yfirvalda, engar skýringar voru gefnar heldur fjarafi samstarfið út. Var haft eftir öruggum heimildum að menn í fjarskiptadeild Nato væru undrandi á að hér væri eingöngu treyst á Tetrakerfið og amatørar ekki hafðir með í neinu starfi. Jafnframt væri undrun á því að VHF endurvarpakerfi Al-mannavarna yrði ekki endurnýjað, ef satt væri.

TF5BW spurði um húsaleigu, hvort að rétt væri bókað að hún væri engin og hvort ekki væri rétt að bóka hana sem kostnað með styrk á móti. Svaraði formaður því til að vegna fyrirspurna frá skoðunarmanni hafi verið haft samband við skrifstofu ÍTR og spurt um upphæðir í þessu sambandi. Var svarið hreint og klárt, að ekki væri um slíkt fyrirkomulag að ræða, ÍRA greiddi einfaldlega enga húsaleigu.

TF3DX ræddi um notkun á 5MHz tíðni, og vafðist fyrir honum hvernig samskipti væru möguleg við aðrar stöðvar á bandinu, sem ekki væru amatörstöðvar. Mæltist hann til þess að stjórn félagsins hefði samband við Póst- og fjarskiptastofnun til að fá á hreint hvernig með slík tilvik skyldi fara, því alla jafnan væri ekki löglegt að hafa samskipti á milli stöðva sem annarsvegar væru með amatörrettindi og hinsvegar ekki. Hvernig ætti að fara með kallmerki t.d. í slíkum tilvikum? Og jafnframt ef heimilt væri fyrir amatöra að hafa samband á bandinu við utanaðkomanandi stöðvar, er þá um stefnubreytingu að ræða hjá yfirvöldum?

TF3GW svaraði því til að Pof hefði verið gerð grein fyrir þessum möguleika við umsókn um bandið, og gerðu þeir ekki athugasemdir við þetta. Í sumum löndum er hefð fyrir svona samskiptum og benti hann á

“Raynet” í Bretlandi.

TF3VS benti á að sumstaðar sé einmitt gert ráð fyrir þessum möguleika, en þá væru útgefin sérstök kallmerki í þeim tilgangi, t.d. á svonefndum Mars/Cap böndum.

TF3HR spurði þá um útbreiðslulíkindi á þessu bandi og möguleikum á stöðvum. TF3GW svaraði til að leyfinu fylgdi að sjálf-sögðu rétturinn til að opna amaörstöðvar fyrir þetta band, en um útbreiðslulíkur væri fátt enn vitað og þyrfti að kortleggja með reynslunni.

TF3KX spurði hvaðan frumkvæðið að þessu bandi fyrir amatöra kæmi. Svaraði TF3GW því til að það væri frá USA, og teldi hann það upphaflega hugsað fyrir neyðarfjarskipti. TF3VS benti á að umræður hefðu verið um þetta band fyrir mörgum árum og að líklega hefðu amatörar séð “holu” sem mætti nýta. Þá benti hann á að það hefðu verið gerðar ráðstafanir í upphafi til að bandið nýttist alls ekki til millilanda-fjarskipta, t.d. væri því deilt í bönd sem ekki mætti fara útfyrir og þau lönd sem leyfðu þetta fyrst gættu þess að böndin væru ekki samhæfð á milli þeirra landa sem líklegt væri að gætu haft sam-band sín á milli. Það hefði hinsvegar breyst nýlega. Jafnframt var tryggt að auðvelt væri að fylgjast með samskiptum á bandinu, t.d. var mors bannað á því í USA.

TF3KJ spurði um hugsanlega möguleika á að ná á 5MHz til Færeyja og taldi Þór að það ættu að vera býsna miklir möguleikar á því. TF3DX beindi því aftur til stjórnar ÍRA að kannað yrði ýtarlega hvernig fara ætti með kallmerki á bandinu, og hvernig samskiptum við aðra en amatöra gæti verið hátað, og það tilkynnt amatörum, svo ekki yrði hætta á að þeir brytu lög af misskilningi eða vanþekkingu.

Umræðum var þá lokið um skýrslu stjórnar og embættismanna.

Lagabreytingar höfðu engar borist og var þá gert fundarhlé og var boðið kaffi og kökur.

Að loknu hléi var gengið til dagskrár og

næsta mál var stjórnarkjör.

Haraldur Þórðarson, TF3HP, var sjálfkjörinn formaður

Úr stjórn skyldu ganga TF3AO og TF3TNT. Baðst TNT undan endurkjöri og var þá stungið upp á TF3AO og TF3SNN og voru þeir sjálfkjörmir.

Í varastjórn var stungið uppá TF1VG og TF3HR og voru sjálfkjörmir.

Skoðunarmenn reikninga: TF3DC aðalskoðunarmaður, TF3HK til vara og TF3VS að auki; voru allir sjálfkjörmir.

Þá var ákvörðun um árgjald, gjaldkeri lagði til óbreytt gjald, 4.000 kr. og var samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

TF3KX kvaddi sér hljóðs og greindi frá átaki því er hann hefur staðið fyrir til að freista þess að auka innanlands-fjarskipti milli amatöra. Hugsar hann þetta sem einskonar viðbót við útileikana. Sagði hann svo frá helstu niður-stöðum af þessu starfi, TF1GW stendur uppúr sem ótvíræður sigurvegari, en 6 höfðu skráð sig til þátttöku. Af-henti hann síðan viðurkenningar TF8SM, TF3MA, TF3RB, TF1GW, TF3BM, en fram kom að 28 íslensk kall-merki voru í loggum þátttakenda. Var Kristni þakkað með lófataki fyrir framtakið.

TF3TF reis úr sæti og kvaðst vildu greiða fullt árgjald, en ekki hálf eins og hann væri rukkaður um, vegna aldurs. Gjaldkeri svaraði, sagði öll framlög þegin og lofaði að taka við viðbótarárgjaldi. Í framhaldi af því upp-lýsti TF3AO að TF3TF hefði haft samband við stjórn vegna þess að hann er að flytja á næstunni í litla íbúð. Vildi hann gefa félaginu öll loftnet sín sem hann ekki gæti nýtt á nýja staðnum, sem reyndar væru trúlega öll hans loftnet. Sagði Ársæll að það þyrfti einmitt að endurnýja loftnet félagsins og þakkaði hann Bogga höfðingsskapinn, sem fundarmenn tóku undir með dynjandi

lófataki.

TF3GW ræddi um hvort ekki mætti virkja TF5- amatöra betur og hvatti norðanmenn til dáða.

TF5BW talaði um “félagssvæðið” á netinu, en hann taldi það lítið sem ekkert notað. Það eina sem á því væri væru nýjustu CQTF blöðin, sem væru á lokuðu svæði uns þau yrðu ársögmul og færu á almenning. Spurði hann álits fundarmanna á því að loka svæðinu. TF3HR lagði til að blaðið yrði ekki sett á netið fyrr en ári eftir útgáfu, en þeir sem þyrftu á því að halda gætu beðið um endursendingu með tölvupósti til ritstjóra. TF3GB taldi rétt að setja blöðin strax á netið.

TF3HR spurði hvort ekki mætti gera amatörráði sýnilegra, t.d. með því að bjóða aðstoð við uppákomur af ýmsu tagi. TF3HP taldi hæpið að mannskapur fengist í slíkt, ekki væri auðvelt að fá félagi til að taka til hendinni til almennra starfa, t.d. við félagsheimili og stöð. TF3SNN taldi ýmsar leiðir færar, t.d. væri ábyggilega efnisskortur í ýmsum útvarpsþáttum sem mætti nýta til að koma sér á framfæri. TF3VS benti á að ýmislegt hefði verið gert í kynningarskyni undanfarin ár, hefðu amatörar komið fram í útvarpi og blöðum, auk þátttöku í menningarvið-burðum.

TF3KX taldi alla meta mikils það starf sem embættismenn vinna féluginu, en lagði þó til aukna fjölbreytni í félagsstarfinu, t.d. mæltist hann til að haldinn yrði skipti/sölu-markaður með “radiódót”.

TF3HP sagði frá erindi til borgaryfirvalda vegna 100 ára afmælis fjarskipta á árinu og hafði verið mælt til þess að einhver uppákoma yrði með þátttöku amatöra í Höfða í júní. Ekki voru undirtektir liflegar en lokasvar er ekki komið enn.

TF5BW ræddi hugmyndir sínar um notkun kallmerkja innanlands, en hann telur rétt að amatörar geti skipt um tölustafi að vild þegar þeir eru á ferð og fara milli svæða. Nefndi sem dæmi að ef hann æki frá Akureyri til Reykjavíkur myndi hann nota kallmerkinn TF5BW í upphafi, síðan TF9- TF2- og að lokum TF3BW. Var þetta nokkuð rætt á fundinum og sýndist sitt hverjum. Engar ályktanir voru gerðar af þessu tilefni, en hvatti TF5BW til áframhaldandi umræðu.

Fleiri mál voru ekki rædd og sleit fundarstjóri fundi kl. 16:40

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Sigurjónsson, TF3VS.

Mættir á aðalfund ÍRA 2005:

TF2SX, TF3AO, TF3BNT, TF3DX, TF3ETN, TF3FK, TF3GB, TF3GTN, TF3GC, TF3GW, TF3HP, TF3HR, TF3KJ, TF3KX, TF3LMN, TF3PPN, TF3SNN, TF3TF, TF3TNT, TF3VS, TF5BW.

**Til sölu** eru í félagsheimilinu fáni Í.R.A. í bláu



og svörtu og vandaðar stálkönnur með loki. Könnur þessar sem eru með áprentuðu merki félagsins í svörtu halda vel bæði heitu og köldu og eru upplagðar í ferðalagid og sjakkinn. Hafid samband við Svein TF3SNN á fimmtudagskvöldum.



Fánarnir kosta 1200.00 krónur stykkið og eru ekki seldir með fæti. Könnurnar eru á sama verði eða 1200.00 kr.

# Ársreikningur Í.R.A. 2004/2005

Ársæll Óskarsson TF3AO gjaldkeri Í.R.A.

Rekstrarreikningur 01.04.2004 - 31.03.2005

<b>Tekjur:</b>	2004/2005	2003/2004	2002/2003
Félagsgjöld (91)+eldri=(7) (2003/4=92).....	346.000 kr	379.000 kr	340.608 kr
Vaxtatekjur .....	40.734 kr	58.348 kr	47.851 kr
Aðrar tekjur .....	80.944 kr	8.148 kr	12.000 kr
NRAU þing .....		13.900 kr	456.390 kr
Framlög .....	4.000 kr	4.000 kr	
Auglýsingar .....		15.000 kr	
<b>Samtals .....</b>	<b>471.678 kr</b>	<b>478.396 kr</b>	<b>856.849 kr</b>

## Gjöld:

Húsaleiga .....			40.000 kr
Banka og bókhaldskostnaður .....	23.345 kr	23.775 kr	4.994 kr
Póstkostnaður .....	10.372 kr	33.875 kr	27.238 kr
Rekstur félagsstöðvar .....	10.286 kr	36.196 kr	127.937 kr
Framkvæmdir í félagsaðstöðu .....	11.107 kr	34.296 kr	10.324 kr
Erlend félagsaðild .....	12.138 kr	13.318 kr	14.170 kr
Kaffi og meðlæti .....	32.145 kr	15.188 kr	8.352 kr
Fjármagnsskattur / vaxtagjöld .....			65 kr
Ljósritun / pappír .....	14.390 kr	4.500 kr	
Míningargjafir .....	1.000 kr	1.800 kr	
Annað .....	21.178 kr		7.918 kr
NRAU þing .....		48.600 kr	490.684 kr
Söluvarningur .....	73.449 kr		
<b>Samtals .....</b>	<b>209.410 kr</b>	<b>211.548 kr</b>	<b>731.632 kr</b>

<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>262.268 kr</b>	<b>266.847 kr</b>	<b>125.217 kr</b>
----------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------

## Efnahagsreikningur 31.03.2005

<b>Eignir .....</b>	<b>31.03.2005</b>	<b>31.03.2004</b>	<b>31.03.2003</b>
Bankainnistæður .....	528.829 kr	289.646 kr	286.112 kr
Verðbréfaeign .....	583.200 kr	543.520 kr	485.440 kr
Áhöld tæki og búnaður .....	788.625 kr	734.684 kr	529.451 kr
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>1.900.654 kr</b>	<b>1.567.850 kr</b>	<b>1.301.003 kr</b>

## Skuldir og eigið fé

### Skuldir:

Radíóklúbbur Háskóla Íslands .....	70.536 kr
<b>Skuldir samtals .....</b>	<b>70.536 kr</b>

### Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári .....	1.567.850 kr	1.301.003 kr	1.175.786 kr
Tekjur umfram gjöld ársins .....	262.268 kr	266.847 kr	563.457 kr
<b>Samtals eigið fé .....</b>	<b>1.830.118 kr</b>	<b>1.567.850 kr</b>	<b>1.301.003 kr</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals .....</b>	<b>1.900.654 kr</b>	<b>1.567.850 kr</b>	<b>1.301.003 kr</b>



# SYLRA 2005 - YL á Íslandi

Anna Henriksdóttir TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD



## 21 YL hjá Forseta Íslands og ein verðandi YL að auki

Fyrir tveim árum, þann 15. ágúst 2003, voru stofnuð í Kaupmannahöfn samtök kvenradíóamatöra á Norðurlöndunum. Þau heita SYLRA, Scandinavian YL Radio Amateurs. Stofnendur voru 10 konur frá Norðurlöndunum fimm. Fulltrúar Íslands voru Anna Henriksdóttir, TF3VB, og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD. Á stofnfundinum var ákveðið að hafa SYLRA fundi á tveggja ára fresti og að sá fyrsti yrði haldinn á Íslandi.

Anna og Vala hófu fljótlega undirbúning og á haustmánuðum árið 2004 var undirbúningur kominn á fullt skrið. YL um allan heim hittast á tveggja ára fresti víða um heim og haustið 2004 hittust þær í Kóreu og þar var SYLRA kynnt og vakti það mikla athygli. Það varð til þess að á fyrsta formlega SYL-

**CQ TF júlí 2005**

RA fundinn mættu ekki einungis konur frá Norðurlöndunum heldur einnig frá Þýskalandi, Japan og Bandaríkjunum.

Undirbúningsvinna gekk vel og skráning fór satt best að segja fram úr okkar björtustu vonum. Ráðstefnan var haldin 12. til 14. júní 2005 og á hana mættu 28 amatörar, þar af 19 erlendar YL, 4 OM og ein verðandi YL á ellefta ári. Þátttakendur voru amatörar á aldrinum 38 ára til 83 ára! Við ákváðum að hafa þetta einfalt, við skipulögðum dagskrá fundadagana en létum þátttakendum alfarið eftir að ákveða gistaða og lengd dvalar. Enda kom í ljós að flestir þátttakenda kusu að dvelja hérlandis í rúmlega vikutíma.

Sunnudaginn 12. júní hittust 8 af stofnendu



**8 af 10 stofnendum hittust á sunnudeginum. Talið frá hægrri: Eine - SM0UQW, Anna - TF3VB, Ingrid - LA8FOA, Raija - SM0HNV, Jatta - OH2IO, Inger - OZ7AGR, Vala - TF3VD, Unni - LA6RHA.**

num heima hjá Völu og héldu stjórnarfund til að undirbúa hinn eiginlega fundardag. Margt var rætt og við skoðun á félagaskrá kom í ljós að meðlimir í SYLRA eru orðnir um 80 talsins og eru mjög margar þeirra búsettar utan Norðurlandanna.

Mánudaginn 13. júní var allur hópurinn sóttur að Hallgrímskirkju og þaðan var ekið aðeins um Reykjavík og síðan haldið upp á Rjúpnahæð til hans Þórs, TF3GW en þar fékk hópurinn að skoða loftnet og senda af öllum stærðum og gerðum. Óhætt er að segja að stjórnur hafi fæðst í mörgum augum við að skoða herlegheitin. Og ekki var verra að hafa amatör þarna sem stöðvarstjóra.

Frá Rjúpnahæð var haldið sem leið lá upp í Gvendarbrunna og þaðan lá leiðin um Nes-

javallaleið áleiðis til Nesjavalla. Á leiðinni var stoppað í Dyrdal og boðið upp á léttan hádegisverð, samlokubakka og sódavatn. Veðrið lék við okkur og því naut hópurinn þess mjög að snæða út undir berum himni og njóta útsýnisins.

Frá Nesjavöllum var haldið til Þingvalla þar sem Almannagjá var skoðuð og gengið aðeins um svæðið. Ófá myndastopp voru gerð enda voru flestir þátttakendur myndaglaðir mjög. Síðan var haldið í Hveragerði en þar var gengið um hverasvæðið undir leiðsögn og endað á eplasnafs úr gúrkustaupum. Valtýr, TF1VG, heilsaði upp á hópinn í Hveragerði. Mánudagurinn endaði í ljúffengri sjávarréttasúpu við Ölfusárósa á veitingastaðnum Hafíð bláa.

Á þriðjudagsmorgni voru YL sóttar að Hallgrímskirkju en OM fengu fri fram eftir degi. Haldið var á fundarstað upp að Stórhöfða 31 en þar hafði Rafiðnaðarsambandið af rausnarskap boðið afnot af fundaraðstöðu. Hópnun var skipt upp í þrjá umræðuhópa sem ræddu um leiðir til að fjölga YL og fleiri mál tengt YL. Í ljós kom að þetta var aðferð sem erlendir þátttakendur höfðu fæstir kynnst áður en allir hvoru hæstánægðir með hana og töluðu um að þetta hefði gert fundinn mun gagnlegri. Niðurstöður umræðuhópanna verða nýttar til að þróa starfsemi SYLRA áfram. Óhætt er að segja að ýmislegt hafi komið okkur Íslendingunum á óvart enda höfðum við ekki leitt hugann að því hvað YL víða um heim eru að gera. Í Japan eru amatörar um 500.000 og hjá þeim er aðalvandamálið að geta ekki sett upp loftnet enda er byggð þétt í landinu. Af þeim sökum eru þeir stöðugt að þróa og prófa loftnet sem eru nett og taka lítið pláss.

Eftir mjög svo gagnlegan fund var sest út í rútu og haldið til Bessastaða en þar tók Hr.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands við hópnum, ræddi við hann um radióamatöra og Bessastaði. Í tali hans kom fram að hann kynntist radióamatör á sínum unglingsárum, það var presturinn á Ísafirði og þótti drengjum staðarins mjög mikið til tækjabúnaðarins hjá presti koma.

Það er óhætt að segja að heimsóknin á Bessastaði hafi verið lífsreynsla fyrir margan útlendinginn, fólk kepptist við að fá myndir af sér hjá forseta og eiga við hann orð. Enda líklega ekki víða sem fólk hefur þennan möguleika í sínu heimalandi, að hitta þjóðhöfðingjann.

Að kvöldi þriðjudagsins 14. júní var hátíðarkvöldverður að Lækjarbrekku. Aðstoðarráðherra kom þar fyrir hönd samgönguráðherra, og bauð upp á fordrykk og ávarpaði gesti. Ungir drengir, TF3VO, TF3VHN og Gauti vinur þeirra, úr Skólahljómsveit Kópavogs léku nokkur lög fyrir gesti og síðan var ljúffengur matur framreiddur og fólk spjallaði um heima og geima.



**Skipuleggjendur (Anna og Vala) og upphafsmanneskja SYLRA (Inger) hjá forseta Íslands.**

**CQ TF júlí 2005**

að hlakka til.

Í tilefni ráðstefnunnar var TF3SYL í loftinu dagana 10 til 19. júní. Erlendir þátttakendur höfðu verið duglegir að láta það berast í amatörheimum að þessi “Special event station” yrði í loftinu þannig að þegar frá stöðinni heyrðist þá lenti fólk í örtröð. Skilyrðin voru ekki alltaf góð og sumir dagar voru uppteknir í fundi og ferðalög. Þó náðust um 800 sambönd á þessum tíma, en stjórn Í.R.A. var svo vinsamleg að leyfa okkur að hafa klúbbstöðina í Skerjafirði fyrir QTH.

Það vakti athygli undirritaðrar að fólk í hópnum talaði mest saman í kallmerkjum, ekki nöfnum. Við hér á litla Íslandi erum að nota þetta til jafns, kallmerki og fornafn, en útlendingar eru augljóslega mun meira í kallmerkjunum.

Það er ánægjulegt að tveir fjölmiðlar brugðust við fréttatilkynningu sem var send út. Morgunblaðið birti stutt viðtal við Völu í blaðinu föstudaginn 17. júní. Anna og Vala fóru miðvikudaginn 15. júní jafnframt í beina útsendingu á Létt 96.7 til hennar Siggú Lund og fræddu hana og hlustendur um amatörradíó. Jafnframt er ljóst að fjallað verður um Íslandsferðina í blöðum í Japan, Þýskalandi, Noregi og Finnlandi því dálkahöfundar frá þessum löndum voru í ferðinni.

Við viljum þakka Í.R.A. kærlega fyrir veitta aðstoð. Jafnframt viljum við þakka forseta Íslands, samgönguráðherra og Rafiðnaðarsambandinu kærlega fyrir okkur.

Anna Henriksdóttir, TF3VB  
Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD

## Gjaldkeri minnir á félagsgjöldin.

Beir sem það vilja geta lagt félagsgjaldið inn á reikning félagsins.

0116 26 7783 kt: 610174-2809

# Keppnismál

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Frá því að síðasta grein var skrifuð, hefur verið heldur dauft yfir keppnisþátttöku. Af hálfu félagsstöðvarinnar hefur ekki verið tekið þátt í neinni keppni, síðan síðasta tölublað kom út.

Aftur á móti fékk ég smá yfirlit frá Þorvaldi, TF4M, um hans þátttöku í CQ WW WPX CW keppninni. Þrátt fyrir að hafa aðeins verið með í keppninni í um 14 klst. halaði Þorvaldur inn 1058 samböndum, með rétt rúmlega 1 milljón punkta. Skiptingin á milli banda var eftirfarandi: 40M=63, 20M=925, 15M=70. Síðast þegar fréttist þá var Þorvaldur í 11. sæti, en e.t.v. var eitthvað af loggum ókomið inn.

Ég vissi um að fleiri félagsmenn tóku þátt í þessari keppni, en því miður hef ég ekki fengið upplýsingar um hvernig gekk.

Sjálfur hef ég verið aðeins með í eftirfarandi keppnum; SP DX RTTY um 100 sambönd, ARI International DX Contest, 23 sambönd og ANARTS WW RTTY 15 sambönd.

Og hvar er svo hægt að nálgast upplýsingar um hvaða keppnir eru í gangi, hvenær, og hverjar eru reglurnar. Þá vil ég helst benda á síðuna hans Jan Eric, SM3CER, sem má finna á: <http://www.sk3bg.se/contest/index.htm>. Þar eru reglulega uppfærðar upplýsingar um nýjar keppnir svo og ef reglur hafa eitthvað breyst. Þá eru þar ábendingar hvaða forrit styðja hinar og þessar keppnir.

Nú, frést hefur af Bretum sem ætla að vera hér í IOTA keppninni þann 30. júlí og verða þeir með uppsetta stöð í Vestmannaeyjum, EU-071. Ef einhverjir félaga okkar verða á ferðinni í Eyjum á þessum tíma er um að gera að líta við.

73 de TF3AO

CQ TF júlí 2005

# Innanlandsfjarskipti með hækkandi sól

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

Sumarið er gengið í garð og nú má gera ráð fyrir að margir leggi land undir fót. Þá er tilvalið að taka með sér radió-tækin, hvort heldur sem er á lægri eða hærri tíðnisviðum. Á aðalfundi ÍRA í maí sýndi Daddi, TF3GW, m.a. út-breiðslukort fyrir VHF endurvarpa, en hann hefur undanfarið unnið að endurbótum loftneta sem skila sér væntanlega í stærra útbreiðslusvæði og bætum skilyrðum. Gaman væri að heyra hér í blaðinu frá ferðalögum sem segðu okkur hvornig þeir heyra frá endurvörpunum okkar úti um landið og ég geri ráð fyrir að þeir TF3GW og TF5BW, ritstjóri CQ TF, þiggi slíkar upplýsingar með þökkum.

Á HF tíðnunum er líka spennandi að fylgjast með skilyrðunum milli höfuðborgarsvæðisins og þess sem við köllum stundum einu nafni “landsbyggðina”, en er auðvitað margbreytilegri þegar skilyrði til fjarskipta eru annars vegar. TF-TF viðurkenningar, sem ég hef haldið úti frá því í vetur, gefa nokkra mynd af því hve margir eru í loftinu hér innanlands og hvaðan. Með auknum ferðalögum yfir sumartímamann heyrum við vonandi amatöra fara í loftið frá kallsvæðum sem lítið eða ekkert heyrir frá að öllu jöfnu.

## TF-TF niðurstöður síðari hluta vetrar

Fyrstu viðurkenningar voru veittar fyrir síðustu þrjá mánuði sl. árs og var það eins konar “prufukeysla”. Þar tóku samtals fjórir amatórar þátt, þ.e. TF1GW, TF8GX, TF3KX og TF3BM. Næsta tímabil var svo fyrir janúar til mars

á þessu ári og þar fengust niðurstöður frá samtals sex radióamatörum.

Þegar radiósamböndin og stigareikningurinn er skoðaður fyrir þessi tvö tímabil kemur í ljós að “forgjöfin” fyrir sambönd milli mismunandi kallsvæða hefur talsvert meiri áhrif en ég hafði gert ráð fyrir í fyrstu. Í upphaflegu TF-TF reglunum voru gefnir 2 punktar fyrir sambönd milli kallsvæða og einnig 2 margfaldarar að auki fyrir slík sambönd. Þegar heildarstig eru reiknuð kemur í ljós að þeim sem búa í fjölmennustu kallsvæðunum, einkum TF3-svæðinu, er nánast ógerlegt að ná sama fjölda stiga og þeir ná sem starfrækja stöðvar sínar í fámennari kallsvæðum.

Ég hef því ákveðið að minnka þetta ójafnvægi að nokkru leyti með því að einungis sé margfaldarinn 1 gefinn fyrir hvert nýtt kallmerki sem haft er samband við, óháð því hvort kallmerkið sé í öðru svæði eða ekki. Punktarnir eru hins vegar áfram 2 fyrir hvert samband sem haft er milli kallsvæða og 1 fyrir sambönd innan sama kallsvæðis. Reglurnar eru því jafn einfaldar og fyrr og jafnvel örlítið einfaldari, ef eitthvað er.

Með þessum nýju reglum voru reiknuð stig þeirra sem tóku þátt á síðasta tímabili, janúar til mars, og eru niður-stöðurnar sýndar hér í töflunni. Þrátt fyrir breytinguna er TF1GW enn efstur, sem aftur nýtur þess að vera staðsettur austur í sveitum, utan TF3-svæðisins. Aðrir koma á eftir og jafnvel

Kallmerki þáttakanda	Fjöldi TF-sambanda	Fjöldi mismunandi TF-kallmerkja	Heildarstig
TF1GW	109	19	6.540
TF3RB	48	15	1.218
TF3MA	55	17	1.102
TF3BM	25	12	416
TF3KX	24	13	405
TF8SM	3	3	18

Smári, TF8SM, taldi ekki eftir sér að vera með þótt hann legði aðeins 3 sambönd í þúkíð að þessu sinni. Mismunurinn í heildarstigum þátttakenda er þó ekki eins mikill núna og áður.

Athugið að í þessari töflu eru ekki sýndir punktar og margfaldarar heldur eingöngu heildarstiginn, auk fjölda sam-banda og fjölda TF-kallmerkja sem haft var samband við á tímabilinu. Almennt voru menn með sambönd við 10-20 mismunandi TF-kallmerki á tímabilinu, en samtals komu fyrir 28 mismunandi kallmerki í logg-skráningum þeirra sem tóku þátt. Þetta eru örlítið færri kallmerki en síðustu þrjá mánuði fyrir áramót, þar sem þau voru samtals 30. Kalls-væði sem heyðust núna voru 5, en voru 6 síðast. Þótt TF3RB hafi haft færri sambönd og við færri kallmerki en TF3MA, skýrast fleiri heildarstig af því að samböndin hans voru á fleiri tíðnisviðum. Loks má geta þess að með nýju reglunum hefði TF3-stöð getað náð TF1GW að heildarstigafjölda með u.þ.b. 150-200 samböndum. Hve lengi trónir TF1GW í fyrsta sætinu?

Þeir þrír efstu fengu að þessu sinni viðurkenningarskjöl fyrir árangurinn og gert er ráð fyrir að sá háttur verði áfram hafður á. Aðrir þátttakendur fengu jafnframt bréf til viðurkenningsar og með þökkum fyrir þátttökuna – og ég vonast til að sem flestir þeirra og aðrir taki áfram þátt á árinu. Sýni s horn viðurkenningsarskjalsins er sýnt hér, fyrir TF1GW.

## Horft fram til sumarsins

Þar sem radióamatörar verða væntanlega margir á ferðinni í sumar er rétt að minna á útileikana sem fara fram í byrjun ágúst. Öll sambönd þar munu einnig koma til góða fyrir TF-TF viðurkenningsarnar, þeir sem hafa sambönd milli kallsvæða fá sína tvöföldu punkta og því er enn frekari hvati núna en nokkru sinni fyrr til að taka þátt í útileik-unum.

Í fyrri hluta júlí mun ég kalla ég eftir loggögnum frá þeim sem vilja taka þátt fyrir sl. þrjá mánuði, þ.e. fyrir apríl, maí og júní. Eins og fyrr minni ég á að sáræinfalt er að taka saman þau sambönd sem menn hafa haft og senda mér og ég aðstoða og lagfæri eftir þörfum. Ég sendi allnokkrum fjölda amatöra þátttökublöð fyrr í vor, ásamt umslögum sem má setja ófrimerkt í póst. Þetta get ég sent þeim sem þess óska. Að öðru leyti eru upplýsingar á vefsíðu minni (www.simnet.is/net/tf3kx) og velkomið er að hafa samband við mig ef menn hafa spurningar – í síma 555 0028, í tölvupósti tf3kx@simnet.is, eða auðvitað á 3633 kHz. Einnig má finna allar upplýsingar á vefsíðu minni: [www.simnet.is/net/tf3kx](http://www.simnet.is/net/tf3kx).

73 de Kiddi, TF3KX



# Neyðarhjálp amatöra

Jón Þóroddur Jónsson TF3JA



TF3JA

kallaður er:

*“The Tampere Convention on the Provision of Telecommunication Resources for Disaster Mitigation and Relief Operations”*

Strax að lokinni ráðstefnunni hófst staðfestingarferli þessarar samþykktar sem lauk með því að 8. janúar á þessu ári höfðu 30 þjóðir skrifað undir samkomulagið sem tryggir alþjóðlegt gildi þess. Nokkuð hefur verið gagnrýnt hversu langan tíma þetta ferli hefur tekið en þegar litið er til baka og rifjað upp að vinnan að þessari samþykkt hófst þegar á árinu 1991 og að víða hefur reynst nauðsynlegt að breyta reglum og landslögum til að ríkin gætu undirritað samkomulagið þá má frekar líta á þessa niðurstöðu sem Grettistak sem allir eru ánægðir með að nú skuli komið í höfn.

Tamperesamþykktin skapar óhindraðan grundvöll að notkun hvers konar fjarskipta til aðstoðar og hjálpar á neyðarstundum. Þær þjóðir sem eru aðilar að samþykktinni hafa sett sér að ganga eins langt í að afnema og nokkur kostur er allar lagalegar takmarkanir og leyfisveitingar sem tafið gætu hjálparstarfi.

Formlega er Tamperesamþykktin samningur milli ríkja en hún auðveldar um leið aðkomu ýmissa aðila eins og amatöra að hjálparstarfi á neyðarstund. Samþykktin gengur ekki framreglum í hverju landi og aðildarþjóðir-

nar hafa til dæmis gert nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda innflutning á tækjum og tólum til fjarskipta þegar neyðarstarf er í gangi og tryggja stöðu þeirra einstaklinga sem ferðast milli landa til að sinna hjálparstarfi.

Amatörar víða um heiminn hafa ekki setið auðum höndum meðan ofangreint ferli hefur staðið yfir heldur eru víða vel á veg komnir með að skipuleggja sitt neyðarhjálpstarf. Þetta kom vel í ljós í náttúruhamförumum við Indlandshaf um síðustu áramót og voru þar Indverskir amatörar í broddi fylkingar við að koma á fyrstu fjarskiptum eftir flóðin. Á síðasta ári var tekin ákvörðun hjá IARU um að halda fyrstu ráðstefnu amatöra um neyðarfjarskipti nú á árinu 2005 og þótti vel við hæfi að halda hana í Tampere. Finnsla amtsfélaga, SRAL, bauð til ráðstefunnar sem haldin var í Tampere 13. og 14. júní og stýrðu henni af miklum myndarskap.

Amatörar víða um heiminn hafa ekki setið auðum höndum meðan ofangreint ferli hefur staðið yfir heldur eru víða vel á veg komnir með að skipuleggja sitt neyðarhjálpstarf. Þetta kom vel í ljós í náttúruhamförumum við Indlandshaf um síðustu áramót og voru þar Indverskir amatörar í broddi fylkingar við að koma á fyrstu fjarskiptum eftir flóðin. Á síðasta ári var tekin ákvörðun hjá IARU um að halda fyrstu ráðstefnu amatöra um neyðarfjarskipti nú á árinu 2005 og þótti vel við hæfi að halda hana í Tampere. Finnsla amtsfélaga, SRAL, bauð til ráðstefunnar sem haldin var í Tampere 13. og 14. júní og stýrðu henni af miklum myndarskap.

## GAREC 2005

Mörg erindi voru flutt á ráðstefnunni þar sem fulltrúar landanna sögðu frá skipulagi neyðarfjarskiptastarfsins heima hjá sér og einnig voru erindi um reynslu þeirra sem á síðustu árum hafa notið góðs af aðstoð amatöra í náttúruhamförum. Stærstu verkefnið sem sagt var frá voru starfssemi amatöra í jarðskjálftunum í Íran fyrir nokkru og svo núna síðast í flóðbylgjuhamförumum við Indlandshaf. Sérstaklega var tekið eftir að Tyrkir sendu amtsöra ásamt miklum búnaði til Íran og fengu góðar þakkir heimamanna fyrir. Tyrkneskir amatörar fengu sín leyfi fyrst og fremst vegna þess að stjórnvöld sáu hvaða kostir eru því samfara að eiga til herskara hjálfaðra fjarskiptamanna með færanlegan fjarskiptabúnað.

Það er efni í stærri og viðameiri grein að

segja frá öllu áhugaverðu sem fram kom í erindunum á ráðstefnunni en niðurstöðu ráðstefnunnar má skipta í tvennt:

**“The Tampere Statement”** sem er þriggja blaðsíðna aðgerðaáætlun amatöra um framhaldið þar sem megináherslan er lögð á starf og samstöðu amatöra um allan heim við að vinna að viðurkenningu stjórnvalda á því ómetanlega og einstaka affi sem liggur í alheimsfylkingu amatöra. Amatörar mynda alheimsnet, þekkingar, þjálfunar og fylkingu reyndra fjarskiptamanna og kvenna sem starfað geta við hinar verstu aðstæður. Og ekki síst, amatörar eru sjálfbærir. Það er þess vegna mikilvægt að tryggja að hægt verði að nýta þessa auðlind í neyð og náttúruhamförum.

**“The Tampere frequencies”** GAREC 2005 leggur til að IARU samþykki á sínum næstu svæðisfundum að setja upp neyðartíðnir á 15, 17, 20, 40 og 80 metra böndunum fyrir neyðarfjarskipti.

Miklar umræður spunnust um seinni tillögunna og minnti sú umræða óneitanlega nokkuð á 3505 umræðuna hér heima á litla Íslandi á síðustu öld.

Ýmislegt annað áhugavert kom fram á ráðstefnunni eins og vikið hefur verið að áður, til dæmis var flutt erindi um NVIS “near vertical incident skywave” næstum lóðrétt áfallshorn háloftabylgju. Til að nýta þá tækni verður bílloftnetið að vera sem næst lárétt eða dipóllin nálægt jörðu. NVIS á 5Mhz gæti vel hentað til innanlands fjarskipta hér á Íslandi.

Tampere er borg í fallegu umhverfi og mörg hátæknifyrirtæki á sviði fjarskipta eru staðsett þar eða nálægt borginni. Um 12 km suðvestan við borgina er minni bær sem ber nafnið NOKIA og einhverjir vilja halda því fram að þar finnist eingöngu svört stígvél, tækifæri gafst ekki til að staðfesta það í þessari ferð en hver veit hvað síðar verður.

73 de TF3JA

